

Dóra Kemp
Kjarrási 3
210 Garðabæ

Skipunarbréf í umdæmisráð barnaverndar í Kraganum.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 skal sveitarstjórn skipa umdæmisráð barnaverndar til fimm ára. Sveitarfélögin Garðabær, Hafnarfjörður, Kjósarhreppur, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes hafa gert samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar og komið sér saman um skipan ráðsmanna í samræmi við 2. gr. samningsins.

Um almennt hæfi ráðsmanna fer samkvæmt 2. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga og 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Um sérstakt hæfi ráðsmanna fer samkvæmt II. kafla stjórnsýslulaga.

Ráðsmenn umdæmisráðs skulu gæta fyllsta trúnaðar um hvaðeina sem þeir verða áskynja um við störf sín og leynt á að fara. Ráðsmenn skulu gæta ákvæða um trúnaðar- og þagnarskyldu sem sett eru fram í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, stjórnsýslulögum nr. 37/1993, barnaverndarlögum nr. 80/2002 og öðrum þeim lögum og reglum sem við geta átt.

Umdæmisráð fer með afmarkað hlutverk samkvæmt barnaverndarlögum sem felst í því að taka eftirfarandi ákvarðanir með úrskurði, sbr. 3. mgr. 13. gr. barnaverndarlaga og 3. gr. samningsins:

1. *Beiting úrræða án samþykkis foreldra, sbr. 26. gr. barnaverndarlaga.*
2. *Vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði, sbr. 27. gr. barnaverndarlaga.*
3. *Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að tólf mánuði, sbr. 28. gr. barnaverndarlaga.*
4. *Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjársviptingu, sbr. 29. gr. barnaverndarlaga.*
5. *Umgengni í fóstri og við vistun, sbr. 74. og 81. gr. barnaverndarlaga.*
6. *Úrskurði í málum á grundvelli 31. gr. barnaverndarlaga þegar það á við.*

Um málsmeðferð fyrir umdæmisráði gilda ákvæði VIII. kafla barnaverndarlaga.

Umdæmisráð er sjálfstætt í störfum sínum og stendur utan við almenna stjórnsýslu sveitarfélaga. Ráðsmenn umdæmisráðs barnaverndar taka ekki við fyrirmælum um meðferð einstakra mála.

Umdæmisráð sér um undirbúning, boðun og skipulag funda ráðsins, ritun fundargerða og úrskurða og frágang mála í kjölfar funda.

Formaður umdæmisráðs hefur yfirstjórn ráðsins með höndum og er tengiliður umdæmisráðs við aðildarsveitarfélög og barnaverndarþjónustu þeirra.

Óski ráðsmaður lausnar úr ráðinu skal hann senda erindi þess efnis til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og skal hann fá lausn að tveimur mánuðum liðnum miðað við næstu mánaðamót á eflir.

Skorti ráðsmann almennt hæfi til setu í ráðinu eða gerist hann brotlegur við það sem fram kemur í skipunarbréfi þessu, ákvæði samnings um rekstur umdæmisráðs barnaverndar í Kraganum eða víðeigandi lög geta aðildarsveitarfélög tekið ákvörðun um að víkja honum úr

ráðinu, sbr. og 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga. Slík ákvörðun tekur gildi um leið og viðkomandi ráðsmanni er tilkynnt um hana.

Óski ráðsmaður lausnar eða er vikið úr ráðinu skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir skipa ráðsmann í hans stað til þess tíma sem eftir er af skipunartíma ráðsins, sbr. 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu annast fjárhagslega umsýslu vegna reksturs ráðsins í samráði við sviðsstjóra velferðarsviða aðildarsveitarfélaganna.

Á fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hinn 7. nóvember 2022 var samþykkt tillaga um að eftirtaldir einstaklingar yrðu skipaðir ráðsmenn í sameiginlegu umdæmisráði í Kraganum. Sú tillaga var svo staðfest á vettvangi hlutaðeigandi sveitarfélaga og er umdæmisráð því svo skipað:

Aðalmenn:

Ómar Örn Bjarnþórsson, lögfræðingur – formaður ráðsins
Laufey Þorvaldsdóttir, félagsráðgjafi
Einar Ingi Magnússon, sálfræðingur

Varamenn:

Kolbrún Garðarsdóttir, lögfræðingur
Þóra Kemp, félagsráðgjafi
Eva Sjöfn Helgadóttir, sálfræðingur

Um þóknun, aðbúnað og verkefni vegna starfa þinna fyrir umdæmisráð fer samkvæmt viðauka I við samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar í Kraganum. Afrit samningsins og viðauka við hann eru meðfylgjandi bréfi þessu.

Sveitarfélögin Garðabær, Hafnarfjörður, Kjósarhreppur, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes skipa þig hér með varamann í umdæmisráði barnaverndar í Kraganum.

Skipunartími þinn er frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027.

Kópavogi, 12. desember 2022

f.h. Garðabæjar



Almar Guðmundsson bærarstjóri

f.h. Hafnarfjarðarbæjar




Rósa Guðbjartsdóttir bærarstjóri

f.h. Kjósarhrepps



Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri

f.h. Kópavogsbæjar




Ásdís Kristjánsdóttir bærarstjóri

f.h. Mosfellsbæjar



Regína Ásvaldsdóttir bærarstjóri

f.h. Seltjarnarnesbæjar



Þór Sigurgeirsson bærarstjóri

AFRIT

Samningur um rekstur umdæmisráðs barnaverndar

1. gr.

Umdæmisráð barnaverndar, aðild og lagagrundvöllur

Sveitarfélögin Garðabær, Hafnarfjörður, Kjósarhreppur, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes reka saman umdæmisráð barnaverndar í Kraganum.

Samningur þessi er gerður með vísan til 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 þar sem fjallað er um skipan umdæmisráðs barnaverndar.

Önnur sveitarfélög geta orðið aðilar að umdæmisráðinu með samþykki allra aðildarsveitarfélaga og með undirritun viðauka við samning þennan.

2. gr.

Skipan umdæmisráðs

Aðildarsveitarfélögin skulu koma sér saman um skipan ráðsmanna og skrifa öll undir skipunarbréf þeirra. Náð aðildarsveitarfélögin ekki samkomulagi um skipan ráðsmanna skulu þau leita til þess ráðherra er fer með málefni barnaverndar og óska eftir að hann hlutist til um val á ráðsmönnum.

Ef ráðsmaður óskar lausnar eða er vikið úr ráðinu vegna framkomu hans eða skorts á almennu hæfi til setu í því skal skipa nýjan ráðsmann í hans stað til þess tíma sem eftir er af skipunartíma ráðsins. Staðið skal að skipun nýs aðal- eða varamanns með sama hætti og upphaflegri skipun.

Um hæfi ráðsmanna fer samkvæmt 2. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga.

Skipunartími ráðsmanna er frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027.

3. gr.

Verkefni umdæmisráðs

Með samningi þessum fela aðildarsveitarfélögin umdæmisráðinu öll þau hlutverk sem því eru fengin í barnaverndarlögum og eftir atvikum öðrum lögum.

Umdæmisráðið er sjálfstætt í störfum sínum og stendur utan við almenna stjórnslu sveitarfélaga. Ráðsmenn umdæmisráðs barnaverndar taka ekki við fyrirmælum um meðferð einstakra mála.

Umdæmisráð tekur eftirfarandi ákvarðanir með úrskurði sbr. tilvitnuð ákvæði barnaverndarlaga:

1. Beiting úrræða án samþykkis foreldra, sbr. 26. gr.
2. Vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði, sbr. 27. gr.
3. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að tólf mánuði, sbr. 28. gr.
4. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjársviptingu, sbr. 29. gr.
5. Umgengni í fóstri og við vistun, sbr. 74. og 81. gr.
6. Úrskurði í málum á grundvelli 31. gr. þegar það á við.

Barnaverndarþjónusta fer fram á úrskurð umdæmisráðs barnaverndar vegna mála sem lúta úrskurðarvaldi ráðsins. Þegar farið hefur verið fram á úrskurð umdæmisráðs getur ráðið lagt fyrir barnaverndarþjónustu að afla frekari gagna sem ráðið telur nauðsynleg til að komast að niðurstöðu í málinu.

Umdæmisráðið annast sjálft ritun úrskurða. Ráðið boðar til funda með málsaðilum og stjórnendum barnaverndarþjónustu ef þörf er á.

AC
JD
JPH
RAH
RS
AK

Verði breyting á starfssviði og fyrirkomulagi umdæmisráðs, vinnuálag þess er umtalsvert meira en fyrirséð var, talin er þörf á t.a.m. föstu aðsetri ráðsins, ráðningu starfsmanns, eða öðrum breytingum á samningi þessum eða viðaukum við hann skulu sviðsstjóra velferðarsviða aðildarsveitarfélaganna leggja rökstuddar tillögur þess efnis fyrir aðildarsveitarfélögin.

Um ályktunarhæfi og form úrskurða umdæmisráðs barnaverndar fer samkvæmt stjórnarsýslulögum.

Þegar fyrir liggur úrskurður umdæmisráðs barnaverndar ber barnaverndarþjónusta án tafar að koma honum til framkvæmdar í samræmi við hagsmuni barnsins.

Gögn sem verða til hjá umdæmisráði barnaverndar, skulu varðveitt hjá barnaverndarþjónustu í gagnagrunni og stafrænum lausnum sem eru starfrækt af Barna- og fjölskyldustofu. Varðveita skal upplýsingarnar í skjalasöfnum viðkomandi barnaverndarþjónusta þar til gagnagrunnur og stafrænar lausnir eru fullbúnar. Umdæmisráð barnaverndar hefur aðgang að gögnum mála hjá viðkomandi barnaverndarþjónustu. Umdæmisráð barnaverndar skal vinna gögn barnaverndarmála í gagnagrunni og stafrænum lausnum sem eru starfrækt af Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur.

4. gr.

Aðbúnaður og aðsetur umdæmisráðs og tengiliðir

Umdæmisráð hefur ekki fast aðsetur en aðildarsveitarfélögin skuldbinda sig til að útvega því fundaraðstöðu á hverjum stað eftir því sem nauðsyn krefur. Hvert sveitarfélag ber ábyrgð á að ráðið geti fundað í fjarfundi sé þess óskað, með fundarbúnaði er uppfyllir persónuverndarlög og öryggissjónarmið.

Yfirmaður barnaverndarþjónustu eða staðgengill hans annast nauðsynleg samskipti við umdæmisráð barnaverndar. Hver barnaverndarþjónusta fyrir sig ber ábyrgð á aðgangi ráðsmeðlima að gögnum þeirra mála er til umfjöllunar eru hverju sinni.

Formaður umdæmisráðs hefur yfirstjórn ráðsins með höndum og er tengiliður umdæmisráðs við aðildarsveitarfélög og barnaverndarþjónustu þeirra.

5. gr.

Þóknun ráðsmanna

Aðildarsveitarfélögin greiða ráðsmönnum og varamönnum styrk á skipunartíma ráðsins til þess að ráðsmenn hafi fullnægjandi búnað til starfa sinna. Nánar er fjallað um upphæð styrks til ráðsmanna í viðauka I við samning þennan.

Ráðsmenn fá greitt fyrir hvert mál sem kemur til kasta umdæmisráðsins. Greiðsla er innt af hendi fyrir hvert mál í eitt sinn, sama hversu oft málið er tekið fyrir af ráðinu, þ. á m. þegar um er að ræða framlengingu fyrri úrskurðar. Nánar er kveðið á um greiðslur til ráðsmanna í viðauka I.

6. gr.

Skipting kostnaðar milli sveitarfélaga

Kostnaður vegna styrks sbr. 1. mgr. 5. gr. skiptist milli aðildarsveitarfélaga til samræmis við hlutfall íbúafjölda 1. desember næstliðins árs. Kostnaður vegna einstakra mála sbr. 2. mgr. 5. gr. greiðist af viðkomandi sveitarfélagi hverju sinni.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) annast fjárhagslega umsýslu vegna reksturs ráðsins í samráði við sviðsstjóra velferðarsviða aðildarsveitarfélaganna.

AG
RAI
AK
TS

7. gr.
Breytingar á aðild og samningi

Ákveði sveitarfélag að hætta aðild að umdæmisráði samkvæmt samningi þessum og ganga inn í annað umdæmisráð skal viðkomandi sveitarfélag tilkynna það með skriflegum hætti til SSH. Tekur úrsögn þá gildi við næstu mánaðamót að því gefnu að sveitarfélagið hafi greitt upp allan þann kostnað sem því ber sbr. 4. gr. og 5. gr.

Beiðnir um aðild að umdæmisráði skulu berast SSH.


Samningi þessum verður aðeins breytt með samþykki allra aðildarsveitarfélaga.

8. gr.
Gildistaka

Samningur þessi öðlast gildi 1. janúar 2023 og gildir til 31. desember 2027.

Kópavogi, 12. desember 2022,

F.h. Garðabæjar,




Almar Guðmundsson bærarstjóri

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,



Rósa Guðbjartsdóttir bærarstjóri

F.h. Kjósarhrepps,




Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri

F.h. Kópavogsbæjar,



Ásdís Kristjánsdóttir bærarstjóri

F.h. Mosfellsbæjar,




Regína Ásvaldsdóttir bærarstjóri

F.h. Seltjarnarnesbæjar,



Þór Sigurgeirsson bærarstjóri

F.h. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu



Páll Björgvin Guðmundsson
frankvæmdastjóri

AFKETT

PA.
MA

Umdæmisráð barnaverndar

viðauki I við samning Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kjósarhrepps, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, dags. 12. desember 2022, um rekstur umdæmisráðs barnaverndar

1. gr.

Þóknun ráðsmanna

Styrkur vegna búnaðar sem nauðsynlegur er vegna starfans að upphæð 100.000,-kr. er greiddur til ráðsmanna, þ.m.t. varamanna, og greiðist 15. janúar ár hvert á skipunartíma ráðsins. Kostnaður vegna þessa skiptist milli sveitarfélaga til samræmis við fjölda íbúa 1. desember næstliðins árs, skv. skráningu Hagstofu Íslands.

Greidd er sérstök þóknun fyrir hvert mál sem kemur til kasta nefndarinnar. Þóknun formanns, eða varaformanns í forföllum hans, er 400.000.-kr. fyrir hvert mál en þóknun annarra sem taka þátt í meðferð málsins, hvort sem það eru aðal- eða varamenn er 200.000.-kr.

Varði mál fleiri en eitt barn er greitt álag sem nemur 30% þóknunar varði mál tvö börn og 20% þóknunar til viðbótar varði mál þrjú börn. Eftir það greiðist 10% viðbótarálag vegna hvers barns umfram þrjú.

Þóknun er ætlað að taka til allrar umsýslu ráðsins, þ. á m. boðunar aðila, úrvinnslu gagna, ritunar úrskurða, fundarsetu og frágangs.

Sveitarfélög er standa að umdæmisráði barnaverndar í Kraganum geta endurskoðað ofangreindar fjárhæðir með sameiginlegri ákvörðun þar að lútandi.


2. gr.

Gildistaka

Viðauki þessi tekur gildi 1. janúar 2023.

Kópavogi, 12. desember 2022


f.h. Garðabæjar


Almar Guðmundsson bærjarstjóri

f.h. Hafnarfjarðar


Rósa Guðbjartsdóttir bærjarstjóri


f.h. Kjósarhrepps


Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri


f.h. Kópavogsbæjar


Ásdís Kristjánsdóttir bærjarstjóri

f.h. Mosfellsbæjar


Regína Ásvaldsdóttir bærjarstjóri

f.h. Seltjarnarnesbæjar


Þór Sigurgeirsson bærjarstjóri

AFRÍT